

Hestamannafélagið Kjóavöllum

Félagsfundur 13. nóv. 2012, haldinn í veislusal reiðhallarinnar í Gláðheimum kl. 20:00.

Boðað var til félagsfundar Hestamannafélagsins Kjóavöllum til að kynna félagsmönnum stöðu framkvæmda og starfið framundan í vetur. Formaður HK Sveinbjörn Sveinbjörnsson setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna, um 180 félagsmenn sóttu fundinn. SS stakk upp á Þorvaldi Sigurðssyni sem fundarstjóra og Halldóri H Halldórssyni sem fundarritara, sem var samþykkt. ÞS tók við fundarstjórn og kynnti dagskrá fundarinnar, gengið til dagskrár:

1. **Sveinbjörn Sveinbjörnsson: Fyrstu skref félagsins:** SS fór yfir aðdraganda að stofnun HK í júní sl. yfirtöku eigna Andvara og Gusts. Samninga við Guðna Eiríksson hjá Verkís hf um umsjón útboða og eftirlit framkvæmda, Loftorku Reykjavík hf um jarðvegsframkvæmdir, mótun skeifu og keppnisvalla og Svein Ívarsson arkitekt. Útboð reiðhallar 4000 m² í ágústlok á grundvelli teikninga Sveins Ívarssonar, og opnun tilboða í október. Viðauka við samning milli sveitarfélaganna og hestamannafélaganna þriggja um nánari útfærslu fyrri samninga aðila og afsal eigna á Gláðheimasvæðinu til Kópavogsbæjar. Þá upplýsti SS einnig aðildasamþykkt HK í UMSK og þar með einnig í LH og ÍSÍ.

Fundarstjóri leyfði fyrirspurnir úr sal að loknu hverju erindi; fyrirspurnir úr sal snéru að einkum rekstri svæðisins og reiðhallar, SS svaraði fyrirspurnum.

2. Bæjarstjóri Garðabæjar Gunnar Einarsson tók næstur til máls, hann sagði fasteignaskatt lagðan á öll íþróttamannvirki í Garðabæ, en samsvarandi styrkir væru veittir á móti. GE lagði áherslu á að samskipti við Andvara hefðu ávallt verið góð, ýmsir hefðu varað hann við hestamönnum en hans reynsla væri að þar færu gæðingar þar sem hestamenn væru. Stefna Garðabæjar væri sú að á Kjóavöllum risi besta aðstaða hestamennsku á landinu og að fá sem flesta í sport og útivist. GE nefndi einnig sameiningu Garðabæjar og Álftanes sem væri sveit í borg og gaman að sjá þar hesta á beit. Að lokum nefndi GE rekstrarstyrk til handa Andvara sem væri 6 m. kr. 2012, þar sem 2 m. kr. væru eyrnamerktað æskulýðsstarfinu, að hann sæi rekstrarstyrkin áfram til HK næstu árin verðtryggt og vonaðist til að Kópavogur kæmi með sambærilegar upphæðir á móti.

Í svari Gunnars við fyrirspurn úr sal um það hvort Garðabær gæti ekki flýtt greiðslu þeirra 100 m. kr. sem er framlag Garðabæjar vegna sameiningarinnar kom fram að í upphafi ætlaði Garðabær ekki að greiða neitt við uppbyggingu svæðisins. Kópavogur hefði ætlað að byggja svæðið upp, það hefði verið þeirra hluti vegna afnáms vatnsverndar í Dýjakrókum. Til að liðka fyrir sameiningunni þá legði Garðabær þessar 100 m. kr. til.

3. **Guðni Eiríksson frá Verkís: Staða framkvæmda;** GE fór þessu næst yfir stöðu framkvæmda bæði landmótunina og reiðhöll. Guðni fór yfir framkvæmda áætlun lið fyrir lið, fyrst samning við Loftorku.

A) Samningur við Loftorku:

- Landmótun leikvangsins, manir, áhorfendasvæði, miðjussvæði (bílastæði og svæði fyrir stúku)
- Uppbygging skeiðbrauta og valla
- Regnvatnslagnir fyrir yfirborðsvatn sem leitt er í jarðgjá/sprungu.
- Yfirborðsfrágangur brauta og valla
- Lagning stofnlagna vatns og hitaveitu
- Lagning ídráttarröra fyrir rafmagn, ljósleiðara og fleira
- Brautir og vellir tilbúin til notkunar í lok þessa árs

Frágangur svæða næsta vor og sumar.

B) Samningur um reiðhöll:

- Vinna við jarðvegsskipti undir skemmu og farg á fyllingarpúðann lokið 1. ágúst 2012
- Bygging reiðskemmu boðin út í lokuðu alútboði.
- Tilboð opnuð 5. október, sex tilboð bárust frá fimm aðilum.
- Öll tilboð byggðu á teikningum Sveins Ívarssonar nema tilboð frá einum aðila.
- Tilboð voru metin m.a. út frá „grunnskiplagi, gerð og gæðum mannvirkja“.
- Tilboð JÁVERKS hlaut hæstu einkunn.

Reiðskemma að Kjóa-
völlum
Hestheimar 14-16

Opnun tilboða 12.10. 2012

Bjóðendur	Einkunn	Tilboðsverð	Hlutfall af lágsta tilboði	Stig
Eykt	9,6	405.152.640	101	9,84
ÍAV	9,8	489.571.797	122	8,61
JÁVERK	9,8	401.900.000	100	9,95
Landstólpi	9,0	545.483.507	136	7,78
Sveinbjörn Sigurðsson	9,0	498.000.000	124	8,30

Lægsta verð: 401.900.000

Flest stig: 9,95

Framkvæmdir við reiðhöll:

C) Almenn um efni :

- Burðarkerfi er úr límtré
- Útveggir eru standandi PE 100/PE 125 mm samlokueiningar (Aluzink / Plexipolyester)
- Þak er klætt ST- 107 ÞV polyuritan Yleiningum (Aluzink/polyuretan/Aluzink) Auk þess viðbótareinangrun í reiðsal og forrými.
- Gluggar eru áklæddir timburgluggar með slitinni kuldabré.
- Hurðir eru álhurðir.
- Rennihurðir eru einangraðar iðnaðarhurðir af gerðinni Nassau.

D) Helstu kerfi í reiðhöllinni:

- Frárennsliskerfi
- Neysluvatnskerfi
- Slökkvikerfi
- Hitakerfi
- Loftræsikerfi
- Rafkerfi og lýsing, lýsingarstjórnunarkerfi, brunaviðvörðunarkerfi, hitastýringarkerfi, innbrotsviðvörðunarkerfi, lagnir fyrir hljóðkerfi, en ekki búnaður. Út og neyðarlýsing og fleira.
- Útboðsgögn gera ráð fyrir að reiðhöll sé skilað tilbúinni til notkunar 15. nóvember 2013 og fullbúinni 31. desember 2013.
- Verktaki hyggst skila öllu verkinu eigi síðar en 25 nóvember 2013

Í fyrirspurnum komu m.a. spurningar um hesthús við reiðhöllina, knapaaðstöðu, félagsaðstöðu, flóðlýsingu keppnisvalla til að auka gildi svæðisins fyrir vetrarsport. Í svörum ÞS og SS formanns HK kom fram að flóðlýsing sem slík væri gífulega dýr í rekstri og að félagsaðstaða í reiðhöllinni yrði 324 m².

4. **Halldór H Halldórsson: Reiðleiðir á Kjóavöllum og nágr;** HH fór yfir reiðleiðir á Kjóavöllum og nágr. á reiðleiðakorti, HH benti á núverandi reiðleiðir á svæðinu og nefndi fyrirhugaða reiðleið um Grunnvatnaskarð á reiðveg um Vatnsás, þar kæmi 6 km. hringur út frá Kjóavöllum í friðsælu umhverfi. HH benti einnig á að í nágrenni hesthúsasvæða í þéttbýli yrði að vera opin svæði með fjölbreyttum reiðleiðum, að öðrum kosti legðist hestamennska á þeim svæðum af og hefði þá sjálfkrafa áhrif á afkomu þeirra sem þjónustuðu hestamenskuna. Hestamennska hefði verið á stöðugu

undanhaldi undan aukinni byggð og nú væri svo komið að hestamennskan væri komin að mörkum friðlýstra svæða s.s. Heiðmörk og yrðum að fá fleiri reiðleiðir þar. HH nefndi lokun reiðleiðar um Leirdal eða svo kallaðan Leirdalshring og nauðsyn þess að fá í staðin fleiri reiðleiðir á Vatnsendaheiði t.d. skógræktarhringinn. HH nefndi reiðveginn meðfram Elliðavatnsvegi og fyrirhugaða tengingu meðfram Markarvegi á reiðveg um Kjóavelli. Kópavogsbær er að leggja göngustíg með Markarvegi þar sem fyrirhugað var að vera með reiðvegatenginguna og þarf að finna aðra lausn þar.

Í fyrirspurnum var nefnt hvort ekki væri hægt að fara með göngustíginn um undirgönginn í Leirdal ef sú reiðleið væri aflögð. Ennig var óskað frekari upplýsinga um reiðvegi á nærsvæðinu þ.e. á Kjóavöllum sjálfum. ÞS og HH bentu á að fleiri reiðvegir tengdir skeifunni og landmótun svæðisins yrðu að framkvæmdum loknum. Reiðvegur frá Andvarahverfinu að Heimsenda um Markarveg yrði breikkaður í 6 mtr. samkvæmt deiliskipulagi. Hann liggur ekki í réttri legu samkv. skipulagi og hafi því ekki verið breikkaður um leið og syðri hluti Kjóavallahringsins.

5. **Guðmundur Hagalínsson: Fjármögnun framkvæmda;** GH fór yfir fjármögnun framkvæmda og þann fjárhagsramma sem úr er að spila.

6.

<u>Tekjur:</u>	<u>Fjárhæð</u>	<u>Ár.</u>
• Gustur	40.000.000	2012
• Kópavogur	500.000.000	2012 - 2014
• Garðabær	100.000.000	2012 - 2016
• Fjármagnstekjur	<u>1.150.000</u>	<u>2013</u>
• Samtals kr.	<u>641.150.000</u>	

<u>Giöld:</u>	<u>Fjárhæð</u>	<u>Ár.</u>
• Kóp. gatnag.	40.000.000	2012
• Kóp. púði	55.000.000	2012
• Loftorka	100.000.000	2012 - 2013
• JÁ-verk	402.000.000	2013
• Tengigjöld	5.000.000	2013
• Áhorfendapallar	30.000.000	2013
• Hönnun og eftirlit	21.200.000	2012 - 2013
• Fjármögnun	<u>6.500.000</u>	<u>2013</u>
• Samtals kr.	<u>658.700.000</u>	

Eignir :

- **Hattarvellir 1** - félagshús
- **Hattarvellir 2** – reiðskemma
- **Lausamunir frá Andvara og Gusti;** hljóðkerfi, rásbásar, skrifstofuhúsgögn og áhöld, húsgögn og áhöld fyrir veislusal.

All nokkur umræða varð um husanlega sölu eigna og þá einkum um reiðhöll Andvara, bent var á nauðsyn þess að hafa minni reiðhöll á þessum hluta Kjóavallasvæðisins. SS benti á að það gæti reynst nauðsynlegt til að fjármagna fyrirhugaðar framkvæmdir, ef það hefði ekki legið fyrir þá hefði ekki verið hægt að fara þessa vegferð. Gunnar Einarsson benti á að kæmi til sölu þá væri það bundið ákveðnum skilmálum.

- **6. Samþykkt fundarinnis;** óskað var eftir samþykki fundarinnis að ganga til samninga við lægstbjóðenda JÁVERK í reiðhöll, á grundvelli tilboðs þeirra.
Afgreiðsla fundarinnis: Samþykkt samhljóða.
- **7. Lög félagsins;** eftir kaffihlé kynnti SS og fór yfir lög HK að þau hafi verið hraðsmíðuð fyrir stofnun félagsins. ÞS sagði að lögin þyrfti að yfirfara og koma með tillögur að breytingum fyrir aðalfund í janúar 2013. Í því skini þyrfti laganefnd félagsins að taka til starfa strax og yrði hún stjórnskipuð. ÞS sagði að sama ætti einnig við með tölvunefnd félagsins hún yrði einnig stjórnskipuð og tæki strax til starfa.
- **8. Hermann Vilmundarson og Ingibjörg G. Geirsdóttir: Starfsemin í vetur; HV** og IGG fóru yfir þær nefndir sem þyrfti að skipa í srx til að starfsemi HK gæti hafist á Kjóavöllum fyrir veturinn. Aðrar nefndir en hér eru nefndar verða skipaðar á aðalfundi félagsins.
- **Mótanefnd:**
Bjarnleifur Bjarnleifsson jr, Össur Valdimarsson, Hulda G Geirsdóttir, Guðlaug Jóna Matthíasdóttir, Ásgerður Gissurardóttir og Unnar Björn Jónsson.
- **Umhverfisnefnd:**
Tryggvi Aðalbjarnarson, Sævar Kristjánsson, Óskar Páll Björnsson, Gunnar Már Þórðarson og Rósa Ingibjörg Jónsdóttir.
- **Æskulýðsnefnd:**
Petra Mogensen, Sigrún Valþórsdóttir, Sigríður Óladóttir, Sigurður Helgi Ólafsson og Tryggvi Þór Ágústsson.
- **Fræðslunefnd:**
Einar Þorgeirsson, Lilja Sigurðardóttir, Brynja Viðarsdóttir og Jónas Friðbertsson.

Stjórnskipuð í tölvunefnd eru :

Oddur Hafsteinsson, Guðjón Gunnarsson og Kristín Jónasdóttir.

Stjórnskipuð í laganefnd eru:

Þorvaldur Sigurðsson, Arndís Sveinbjörnsdóttir, Geirprúður Geirsdóttir og Hermann Vilmundarson.

- **9. Nafn félagsins: Hestamannafélagið Kjóavöllum;** SS benti á að nafngift fyrir hið nýja félag gæti verið viðkvæmt mál og að núverandi stjórn hefði ekki eytt tíma í nafn fyrir félagið, það yrði hlutverk næstu stjórnar félagsins.
- **10 Önnur mál:**

ÞS sagði frá ritun sögu Andvara og að hægt væri að skrá sig í forsölu bókarinnar á fundinum, forsöluverð yrði 4.500,-kr.

Elísabet Þ. Þórólfsdóttir kvað fundinn bæði sögulegan og ánægjulegan, hún lýsti ánægju með störf stjórnar HK og hvatti fundarmenn til að taka höndum saman til eflingar og framgangs félagsins.

Fleira ekki fært til bókar.

Fundi slitið kl 22:00.

Fundarritun Halldór H. Halldórsson.



Stjórn HK frá vinstri, Guðmundur Hagalínsson, Ingibjörg G. Geirsdóttir, Halldór H. Halldórsson, Hermann Vilmundarson, Sveinbjörn Sveinbjörnsson form. og Þorvaldur Sigurðsson.